

Bannmerkjaprautin

Dragðu þrjár línur þannig að ekkert bannmerkjanna lendi á sama svæði. Hvað þýða þessi bannmerki?



Dagurinn sem ég gleymi ekki

Hér er bréfið sem geimálfurinn fékk frá drengnum sem slasaðist á reiðhjólinu. Þetta er lífsreynsla sem við viljum öll vera án en stundum geta ófarir annarra leitt til þess að við gætum betur að okkur.



Kæri Gígur!



Mig langar til að segja þér frá deginum sem ég gleymi aldrei. Þessi dagur byrjaði frekar venjulega hjá mér. Ég vaknaði um tíu og var að leika mér í tölvunni heima. Eftir hádegi ákvað ég að hjóla niður í sjoppu en hún er töluvert frá heimili mínu. Þar ætlaði ég að hitta vini mína en þeir voru að keppa í fótbolta. Þeir voru þá allir nýfarnir í Egilsstaði til að keppa í fótbolta. Þannig að ég ákvað bara að hjóla heim aftur. Á leiðinni

heim hjólaði ég eftir gangstéttinni og mæti ég þar konu og hjóla ég þá út af gangstéttinni og aftur inn á hana. Við næstu gatnamót þarf ég að fara aftur út af gangstéttinni og við það brotnar framgaffallinn á hjólinu með þeim afleiðingum að ég stakkst á andlitið í götuna og sýna myndirnar best þá áverka sem ég hlaut af þessu óhappi. Mig langar sérstaklega að segja ykkur að þegar ég fór að heiman, sagði mamma við mig „notaðu nú hjálminn þinn drengur“ en það er ekki vinsælt í dag hjá þessum aldurshóp hér á Djúpavogi og auðvitað ætla ég ekki að vera öðruvísi en félagar mínir. Að mati þeirra sem rætt hafa við mig hefðu áverkarnir orðið mikið minni hefði ég notað hjálminn og vil ég hvetja alla að nota hjálm þegar menn eru að hjóla hvort sem menn eru ungir eða gamlir. Kæri Gígur, Stjórnuráð Varslyss og allir þeir sem kunna að lesa þetta bréf. Ekki láta aðra hafa áhrif á ykkur, við eigum bara eitt höfuð og pössum það vel.

Bestu kveðjur

Kristján Snær Þórsson